

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
105. fundur.

**Mánudaginn 9. maí 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 10.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

1. Fundargerðir:
  - a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 28 apríl 2011.
  - b) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 5. maí 2011.
  - c) Aðalfundar fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 26. apríl 2011.
2. Bréf:
  - a) Frá Helgu Búadóttur, dags. 27. 04. 2011.
3. Ráðning skólastjóra við sameinaða skólastofnun Húnavatnshrepps.
4. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 10.10

Samþykkt var að fundargerð stjórnar fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps dags. 7. maí 2011 væri tekin fyrir undir dagskrárlið 1.d)

**1. Fundargerðir:**

**a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 28 apríl 2011.**

Lögð fram til kynningar.

**b) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 5. maí 2011.**

Lögð fram til kynningar.

**c) Aðalfundar fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 26. apríl 2011.**

Lögð fram til kynningar.

**d) Stjórnar Fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 7. maí 2011.**

Erindi fundarins var beiðni frá Víði Gíslasyni um upprekstur á fé á Þverárdal. Stjórn fjallskiladeildarinnar samþykkti erindið með ákveðnum skilyrðum og með fyrirvara um samþykki hreppsnefndar.

Hreppsnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti í eitt ár til reynslu.

**2. Bréf:**

**a) Frá Helgu Búadóttur, dags. 27. 04. 2011.**

Efni: Varðar bréf starfsfólks Húnavallaskóla og leikskólans Vallabóls dags. 20. apríl 2011.

Oddviti, Þóra Sverrisdóttir vék af fundi undir þessum lið. Þar sem um persónulegt bréf er að ræða lagði hún til að fundinum yrði lokað undir þessum dagskrárlið. Var það samþykkt.

Varaoddviti tók við stjórn fundarins.

Lagt fram til kynningar.

## Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 105. fundur.

### **3. Ráðning skólustjóra við sameinaða skólastofnun Húnavatnshrepps.**

Oddviti tók við stjórn fundarins. Samþykkt var 20 mínútna hlé á fundinum meðan fulltrúar kynntu sér greinargerð Trausta Þorsteinssonar um umsækjendur.

Oddviti lagði fram tillögu þess efnis að hreppsnefnd Húnavatnshrepps færi að tillögu fræðslunefndar frá 5. maí 2011 um að Sigríður Bjarney Aadnegard yrði ráðin í stöðu skólustjóra við sameinaða skólastofnun á Húnavöllum frá og með næsta skólaári.

Tillagan var samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Eftirfarandi bókun var lögð fram af fulltrúum A-lista:

Fulltrúar A- lista samþykkja niðurstöðu fræðslunefndar en gera alvarlegar athugasemdir við hvernig staðið hefur verið að undirbúningi við breytingar á yfirstjórn leik- og grunnskóla Húnavatnshrepps. Meirihluti hreppsnefndar ber ábyrgð á þeim undirbúningi og hefur þar skort á vilja til samstarfs við foreldra á öllum undirbúningstímanum. Mikilvægt er að góð sátt sé í samfélaginu þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.

Fulltrúar E-lista fóru fram á fundarhlé og stóð það í 20 mín.

Eftirfarandi bókun var lögð fram af fulltrúum E-lista:

Fulltrúar E- listans telja að ekki hafi verið staðið óeðlilega að undirbúningi við breytingar á yfirstjórn leik- og grunnskóla á Húnavöllum, þó að eflaust hafi verið unnt að vinna málið á annan hátt. Fulltrúi A-listans í fræðslunefnd hefur tekið fullan þátt í öllu undirbúningsferlinu.

### **4. Önnur mál.**

Sveitarstjóri lagði fram til kynningar erindi frá Landsvirkjun dags 4. maí 2011 um viðgerðir á Kolku- og Blöndustíflu.

Lagt fram erindi frá Hörpu Björt Eggertsdóttur og Agli Herbertssyni þar sem óskað er eftir heimild hreppsnefndar til stofnunar á tveim lóðum í landi jarðarinnar Haukagil. Með erindinu fylgdi hnitsettur uppdráttur. Landið sem umræðir verður tekið úr landbúnaðarnotkun.

Hreppsnefnd samþykkti erindið með fyrirvara um samþykki Landbúnaðarráðuneytisins.

Kynnt erindi frá Umhverfissráðuneyti dags. 3. maí 2011 varðandi aðalskipulag Húnavatnshrepps. Með erindinu fylgja ljósrit af bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 18. febrúar 2011, bréfi Vegagerðarinnar, dags. 23. febrúar 2011 og bréfi Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 16 mars 2011 til Umhverfisstofnunar. Í samræmi við 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 óskar ráðuneytið umsagnar Húnavatnshrepps um málið.

Samþykkt var að sveitarstjóri mæti fyrir hönd Húnavatnshrepps á aðalafund Farskólans sem fram fer á Sauðárkróki miðvikudaginn 11. maí kl. 13.00.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
105. fundur.

Lagt var fram eftirfarandi erindi:

Mikil óánægja er með afgreiðslu útboðs og tilboða vegna skólaaksturs skólaárin frá 2011-2012 til 2013-2014. Því höfum við undirritaðir foreldrar í Svartárdal, Langadal, Blöndudal og Svínadal ákveðið að mótmæla þessum ákvörðunum og höfnum alfarið að gengið hafi verið framhjá lægstu tilboðunum í skólaakstri Húnavallaskóla og krefjumst þess að það verði endurskoðað.

Erindið er undirritað af eftirfarandi aðilum:

Turid Rós Gunnarsdóttir, Þórhalli Haraldsson, Hallfríður Ósk Óladóttir, Sigurður Ingi Guðmundsson, Þór Sævarsson, Óskar Guðmundsson, Fanney Magnúsdóttir, Sverrir Þór Sverrisson, Margrét A. Jóhannsdóttir, Brynjólfur Friðriksson, Pétur Pétursson, Sigþrúður Friðriksdóttir, Birkir Freysson, Kristín Pálsdóttir Jóhanna H. Halldórsdóttir, Sigurbjörg Þ. Jónsdóttir, Svavar H. Jóhannsson og Valdemar Ásgeirsson.

Jóhanna Pálmadóttir tók undir erindi bréfsins.

Erindið var lagt fram til kynningar.

Kynnt erindi frá Skipulagsstofnun dags. 20. apríl 2011 varðandi gistiskála við Blágnípujökul. Skipulagsstofnun hafnar erindinu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12.30

---

Þóra Sverrisdóttir

---

Björn Magnússon

---

Jakob Sigurjónsson

---

Jóhanna E. Pálmadóttir

---

Magnús R. Sigurðsson

---

Guðmundur R. Halldórsson

---

Ingibjörg Sigurðardóttir

---

Jens P Jensen